

# 1258. Stjórnarfundur VR

Haldinn miðvikudaginn 14. febrúar 2024, kl. 17:30 í Kringlunni 7 á 9. hæð og í fjarfundi.

**Mætt á staðfund:** Ragnar Þór Ingólfsson, Selma Björk Grétarsdóttir, Ólafur Reimar Gunnarsson, Bjarni Þór Sigurðsson, Halla Gunnarsdóttir, Jennifer Schröder, Jónas Yngvi Ásgrímsson, Sigríður Lovísa Jónsdóttir, Sigrún Guðmundsdóttir, Sigurður Sigfússon, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir, Þorvarður Bergmann Kjartansson, Þórir Hilmarsson, Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir varamaður, Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri og Steinunn Böðvarsdóttir forstöðumaður sem ritaði fundargerð.

**Mættur á fjarfund:** Ævar Þór Magnússon.

**Fjarverandi:** Vala Ólöf Kristinsdóttir.

**Næsti fundur:** 13. mars 2024

Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR setti fundinn.

## 1. Fundargerð 1257. stjórnarfundar VR lögð fram til samþykktar

Ragnar Þór lagði fram fundargerð 1257. stjórnarfundar VR til samþykktar en engar athugasemdir höfðu borist við hana.

Fundargerðin var samþykkt og undirrituð.

## 2. Kjaramál – staðan á kjaraviðræðum

Fundur trúnaðarráðs VR var haldinn kvöldið fyrir stjórnarfund, þann 13. febrúar þar sem Ragnar fór yfir helstu ágreiningsatriði aðila varðandi forsenduákvæðin.



Á fundinum var samþykkt heimild til aðgerða, ef þarf, sagði Ragnar. Svo óheppilega vildi til að strax eftir fund trúnaðarráðs voru þessar niðurstöður komnar til fjölmiðla, sem væri dapurlegt, og sagði Ragnar að hinum félögunum í breiðfylkingunni hafi verið brugðið að fréttu af þessu í fjölmiðlum þar sem látið var að því liggja að á fundi breiðfylkingarinnar fyrr í dag [14. febrúar] yrði aðalatriðið mögulega aðgerðir, en því var fjarri.

Ragnar sagði fund breiðfylkingarinnar annars hafa gengið vel og farið hafi verið yfir stöðuna.

Á fundi breiðfylkingarinnar var rætt um forsenduákvæðin og ákveðið að skoða fleiri útfærslur þeirra til að freista þess að fá Samtök atvinnulífsins aftur að samningaborðinu.

Umræður

### 3. Tillögur fyrir aðalfund VR

- a. Tillögur um lagabreytingar
- b. Tillaga að stjórnarlaunum

Fyrir fundinum lágu skjölin „Aðalfundur VR 2024 Minnisblað til stjórnar“, „Tillaga að stjórnarlaunum til stjórnar VR 2024-2025“ og „Minnisblað – kynjaflétta í kosningum til stjórnar“ til afgreiðslu og kynningar.

Stefán fór yfir minnisblað um tilhögun aðalfundar, sem haldinn verður í fyrsta sinn í fundarsal VR á 9. hæðinni í Húsi verslunarinnar og verður bæði stað – og fjarfundur. Fundurinn verður haldinn 21. mars, sem er í fyrra fallinu sem rekja má til páska.

Lagt er til að tilhögun fundarins verði sem hér segir:

**Fundarstjóri:**

Guðmundur B. Ólafsson (breyting gerð eftir umræður, sjá að neðan)

**Fundarritari:**

Steinunn Böðvarsdóttir



### **Tillaga um framlag í VR varasjóð:**

Ekki liggur fyrir hver afkoma félagsins er fyrir árið 2023. Í áætlun var reiknað með að framlagið verði 1.050 m.kr. sem er 145 m.kr. hækkun frá árinu á undan. Endanleg tillaga kemur þegar ársreikningur liggur fyrir.

### **Kosning löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarstofu:**

Tillaga að PWC sjái um endurskoðun VR fyrir reiknisárið 2024.

### **Kosning á skoðunarmönnum:**

Í umræðum var óskað eftir tillögu að skoðunarmanni reikninga sbr. 27. gr. laga VR. Fyrir lá tillaga að Sveini Enok Jóhannssyni sem aðalskoðunarmanni og Þóru Skúladóttur Öfjörð sem varaskoðunarmanni (breyting lögð til eftir umræður, sjá neðar).

### **Tillaga um félagsgjald:**

Tillaga um að félagsgjald verði óbreytt, 0,7% af launum og lágmarksgjald til að njóta fullra félagsréttinda skuli þó eigi vera lægra en sem svarar 30% af byrjunarlaunum afgreiðslufólks. Félagsgjaldið skiptist þannig að 0,65% rennur í félagsjóð VR og 0,05% renni í Vinnudeilusjóð VR.

### **Tillaga um stjórnarlaun:**

Sjá tillögu frá launanefnd í skjalinu „Tillaga að stjórnalaunum til stjórnar VR 2024-2025“.

### **Tillaga um lagabreytingar:**

Tillögur um sex efnislegar breytingar á lögum félagsins verða lagðar fyrir aðalfund, sjá skjalið „Tillögur að lagabreytingum VR 2024“. Stjórn samþykkti tillögurnar á stjórnarfundi þann 10. janúar 2024. Þá var einnig samþykkt breyting á orðinu heimasíða í vefsíða þar sem við á í lögnum, sjá skjalið „Lög VR með kynjahlutleysi“. Á fundi stjórnar nr. 1257 þann 10. janúar 2024 voru jafnframt samþykktar tillögur um breytingu á lögnum sem miða að því að gera þau kynhlutlaus eins og hægt er, en fela ekki í sér aðrar efnislegar breytingar, sjá skjal „Lög VR með kynjahlutleysi“.

### **Umræður**

Í umræðum kom fram tillaga um Kristján Gísla Stefánsson, trúnaðarmann hjá Olís sem skoðunarmann reikninga. Lagt var til að leitað yrði til Þóru Skúladóttur Öfjörð og Sveins Enoks Jóhannessonar að vera aðalskoðunarmenn og Kristjáns Gísla að vera varaskoðunarmaður.

Samþykkt.

Þá gerði Halla Gunnarsdóttir athugasemd við kynjaskiptingu við stjórnun fundarins og málshefjendur. Góð leið til að jafna það út væri að fá konu sem fundarstjóra. Ragnar Þór lagði til að Halla taki að sér fundarstjórn á aðalfundinum og kvaðst Halla ekki skorast undan því.

Samþykkt.



Varðandi tillögur að lagabreytingum benti Stefán á að stjórn hafi þegar samþykkt tillögurnar nema hvað varðar tillögu að breytingum á kynjafléttu vegna kosninga í stjórn sem ekki er tiltekin í minnisblaðinu en verður kynnt á þessum fundi.

Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir, formaður laganefndar, kynnti tillögur nefndarinnar um breytingu á gr. 20.4 í lögum félagsins um kjörseðla og uppröðun á lista. Kristjana sagði nauðsynlegt að endurskoða orðalag ákvæðisins um kynjafléttu í ljósi þess að nú eru þrjár mögulegar skráningar kyns í Þjóðskrá; karl, kona og kynsegin/annað. Laganefnd leggur til breytingu á ákvæðinu sem hér segir (breytingar í rauðu):

Við kosningu til stjórnar:

Raða skal frambjóðendum á kjörseðilinn í handahófskenndri röð og kjósendur merkja við minnst 1 en mest 7. Til að viðhalda jafnri kynjaskiptingu í stjórn VR skal sá frambjóðandi sem flest atkvæði fær skipa 1. sæti í stjórn. Næsta sæti skipar sá sem flest atkvæði fékk en er af **öðru kyni** og skal sú kynjaflétta halda áfram til röðunar varamanna. **Kyn miðar við skráningu í Þjóðskrá.** Þeir 7 **frambjóðendur** sem flest atkvæði fá samkvæmt framansögðu teljast rétt kjörnir aðalmenn í stjórn VR til 2ja ára. Næstu 3 teljast rétt kjörnir varamenn í stjórn VR til 1 árs.

Til að viðhalda kynjafléttu leggur laganefnd til að framkvæmd ákvæðisins verði á þann hátt að sama kyn geti ekki verið í tveimur sætum í röð á lista. Þegar ráðað er á lista, falla undir skilgreiningu á öðru kyni í tillögu nefndarinnar báðar þær kynskráningar sem ekki eru í sætinu fyrir ofan, og byggir valið í sætið á fjölda atkvæða frambjóðenda.

Umræður

Halla lagði til að VR falli alfarið frá kynjafléttu í lögnum. Hún benti á að þó konur séu helmingur stjórnarmanna hjá VR halli verulega á þær innan verkalýðshreyfingarinnar. VR væri hluti af stærri heild og við værum að leitast við að rétta hlut kvenna í ákvarðanatöku. VR eigi að vera framsækið félag á þessu sviði, kjósendur hafi það í hendi sér að velja á lista og finna jafnvægi. Ef félagið ætli að vera með kvóta, ætti hann frekar að ná til erlends félagsfólks.

Umræður

Í umræðum lagði Sigurður Sigfússon til að hugmyndinni verði vísað til laganefndar sem komi með breytingatillögur til stjórnar og trúnaðarráðs, en leggja þarf fyrir trúnaðarráð breytingar á lögum félagsins.

Ragnar Þór sagði nauðsynlegt að vinna þetta áfram og lagði til að vísa málinu til laganefndar sem myndi koma með fleiri en eina tillögu, byggja á því sem rætt var á fundinum, og leggja fyrir trúnaðarráðsfund og svo aðalfund.

Samþykkt.

Sigríður Lovísa Jónsdóttir, formaður launanevndar VR, fjallaði nú um minnisblað um breytingar á stjórnarlaunum. Launanevnd VR leggur til að stjórnarlaun hækki í samræmi við launavísitölu VR sem hefur hækkað um 7,67% á milli ára. Lagt er til að stjórnarlaun verði kr. 80.742 og laun fyrir nefndarsetu verði kr. 6.777. Formenn stjórnna Sjúkrasjóðs og Orlofsjóðs sem og varaformaður VR fá 1,5 stjórnarlaun á mánuði. Tillaga launanevndar til stjórnar félagsins sem lögð væri fram á aðalfundi er svohljóðandi:

„Aðalfundur VR, haldinn á 9. hæð í Húsi verslunarinnar Kringlunni 7 Reykjavík, miðvikudaginn 21. mars 2024, samþykkir að stjórnarlaun verði 80.742 kr. á mánuði fyrir komandi starfsár stjórnar. Varamenn fá sömu stjórnarlaun og aðalmenn í stjórn VR, fyrir hvern setinn stjórnarfund en þó aldrei meira sem nemur einum stjórnarlaunum. Tillaga að formaður framkvæmdastjórnar Sjúkrasjóðs VR, formaður Orlofsstjórnar VR og varaformaður stjórnar VR fá 1,5 stjórnarlaun á mánuði eins og verið hefur. Auk þess fá stjórnarmenn og varastjórnarmenn 6.777 kr. fyrir hvern setinn nefndarfund í nefndum á vegum VR.

Auk þess er heimilt að greiða stjórnarfólki launatap, sem það kann að verða fyrir vegna starfa fyrir félagið eins og vegna þinga ASÍ og LÍV, seta í ráðum og nefndum á vegum VR sem ekki er greitt sérstaklega fyrir.

VR greiðir ferðakostnað til Reykjavíkur vegna stjórnarfunda stjórnarmanna VR sem hafa lögheimili utan höfuðborgarsvæðisins.“

Umræður

Ragnar Þór leggur tillöguna fyrir fundinn og er hún samþykkt samhljóða.

#### **4. Launakjör formanns og framkvæmdastjóra**

Fyrir fundinum lá skjalið „Launakjör formanns og framkvæmdastjóra VR 2024“ til afgreiðslu.

Sigríður Lovísa fór yfir helstu atriði í minnisblaðinu. Ekki eru lagðar til breytingar á launakjörum formanns eða framkvæmdastjóra. Launin hækka í samræmi við kjarasamningsbundnar hækkanir.

Umræður

Lagt fyrir stjórn og samþykkt samhljóða.

#### **5. Brúarlán til VR Blævar leigufélags slhf.**

Fyrir stjórn lá skjalið „VR Blær leigufélag fjármögnun feb 2024“ til kynningar.

Stefán fór yfir á glærum verkefni Blævar í Úlfarsárdal en þar stendur yfir vinna við byggingu tveggja íbúðarblokka á vegum VR til útleigu til félagsfólks, alls 36 íbúðir. Heildarkostnaður er áætlaður um 1,9 ma.kr. og er verkefnið fjármagnað með 30% hlutafé og 70% lánsfé. Þegar verkinu er lokið, er það fjármagnað með langtímafjármögnun. Stjórn samþykkti á fundi í nóvember 2023 að VR annist verkefnafjármögnun fyrir VR Blæ, um 1,3 ma.kr. og var það samþykkt á fundi trúnaðarráðs þann 25. janúar 2024.

Umræður

Í umræðum óskaði Sigríður Lovísa eftir því að fá reglulega yfirlit yfir framvindu fjármögnunar. Stefán sagðist munu setja slíkt inn í mál fundarins og næstu funda stjórnar.

## 6. Styrkir vegna glasafrjóvgunar

Fyrir fundinum lá skjalið „Glasafrjóvgunarstyrkur tillaga“ til afgreiðslu.

Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir, formaður framkvæmdastjórnar Sjúkrasjóðs VR, kynnti tillögur framkvæmdastjórnarinnar um að hækka styrk vegna glasafrjóvgana / tæknifrjóvgana og ættleiðingar úr kr. 200.000 í kr. 250.000. Kostnaðarmat við þessa hækkun er alls 5,6 m.kr. á ári, miðað við 25% hækkun á tölum frá árinu 2023 að mati hagfræðings VR.

Gera þarf breytingar á gr. 5.5 í starfsreglum sjóðsins með tilliti til þessa sem hér segir (breytingar í rauðu, var áður 200 þús.kr.):

5.5 Sjúkrasjóður VR greiðir styrki vegna glasafrjóvgana/tæknifrjóvgana og ættleiðingar, að hámarki **250 þús. kr.** fyrir hvern félagsmann, eftir 6 mánaða samfellda greiðslu iðgjalda fyrir upphafsdag meðferðar sem sótt er um.

Í rökstuðningi stjórnarinnar fyrir þessum breytingum segir m.a. að glasa- og tæknifrjóvgun sé kostnaðarsöm meðferð. Algengur kostnaður við eina meðferð sé í kringum 600 þús.kr. Oft þurfi fleiri en eina meðferð til að meðferðin takist svo kostnaður félagsfólks við þessa mikilvægu meðferð getur verið mjög mikill, ef þarf 3-4 meðferðir eða fleiri svo þær takist. Þá er bent á að styrkurinn hafi ekki hækkað í 9 ár.

Svanhildur sagði mikilvægt að taka upphæðina til endurskoðunar á 18 – 24 mánaða fresti.

Umræður.

Í umræðum lagði Jennifer Schröder til að félagsfólk fái slíkan styrk oftari en einu sinni, eins og nú er.

Ragnar Þór leggur til að fundurinn samþykki þessa tillögu og beinir því til sjóðsins að fylgjast með þróuninni og sjá hvort hægt sé að gera enn betur.

Samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 20:50.